



KPMG ehf.
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

20. maí 2020

Umsögn um 721. mál

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga og lögum um endurskoðendur (gagnsæi stærri kerfislega mikilvægra félaga).

Ofangreint frumvarp til laga var sent KPMG ehf. til umsagnar þann 5. maí 2020. KPMG telur ástæðu til að koma á framfæri nokkrum ábendingum vegna fyrirliggjandi draga.

Almennt um frumvarpið

Rétt er að benda á að 42. gr. laga um endurskoðendur nr. 94/2019 lögfesti reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum o.fl.

Umrædd reglugerð ESB hefur verið innleidd í aðildarríkjunum og almennt er þar farin sú leið að takmarka skilgreiningu á einingu tengdri almannahagsmunum við þau lágmark sem þar er að finna, þ.e. þær sem birtast í a, c og d-liðum 2. gr. laga nr. 94/2019. Af eðlilegum ástæðum ákvað Alþingi að bæta lífeyrissjóðum við hvað Ísland varðar, sbr. b-lið 2. gr. laganna.

KPMG bendir á að útvíkkun á skilgreiningu eininga tengdum almannahagsmunum eykur ekki verulega þær upplýsingakröfur sem gerðar eru til stórra félaga samkvæmt núgildandi lögum að viðbættum þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Því væri væntanlega unnt að ná fram auknu gagnsæi án þess að breyta skilgreiningu á einingu tengdum almannahagsmunum, með því skylda stór félög og samstæður í þeim atvinnugreinum sem frumvarpið fjallar um til þess að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Slíkt hefði jafnframt í för með sér að þessum félögum væri gert skylt að birta ársreikning sinn í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir reikningsskiladag til samræmis við núgildandi ákvæði ársreikningalaganna.

Um 1. gr. frumvarpsins

Vakin er athygli á því að samkvæmt frumvarpinu getur komið upp sú staða að innan sömu samstæðu, þar sem móðurfélagið er eining tengd almannahagsmunum, þá verði dótturfélög það einnig. Slíkt kann að fela í sér töluvert óhagræði. Sem dæmi má nefna orkufyrirtæki sem telst eining tengd almannahagsmunum en rekur dreifiveitu og raforkuframleiðslu í aðskildum

dótturfélögum. Verði frumvarpið að lögum teljast öll þrjú félögin einingar tengdar almannahagsmunum en ekki einvörðungu móðurfélagið eins nú er. Lagt er því til að sett verði inn ákvæði um að félög sem eru dótturfélög samstæðu einingar tengdrar almannahagsmunum sem eru hluti af samstæðureikningsskilum móðurfélagsins verði undanþegin framangreindri skilgreiningu.

Um 7. gr. frumvarpsins

KPMG veltir því fyrir sér hvort ekki sé unnt sé að ná fram markmiðum frumvarpsins um aukið gagnsæi án þess að skilgreiningu á einingu tengdri almannahagsmunum sé breytt í lögum um endurskoðendur. Tilgangur endurskoðunar er að staðfesta að þær upplýsingar sem koma fram í reikningsskilum einingar séu í samræmi við þær reikningsskilareglur sem um reikningsskilin gilda og að reikningsskilin gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu og afkomu. Um endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum gilda alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar eins og um endurskoðun annarra eininga. Auknar kröfur sem gerðar eru til endurskoðunar eininga tengdra almannahagsmunum lúta að mestu að kröfum um óhæði og starfstíma endurskoðandans og ákveðnum liðum í áhættumati svo sem mikilvægismörkum og formi áritunar.

Mikilvægismörk sem ákvörðuð eru við endurskoðun eru skilgreind sú skekkja sem reikningsskilin geta innihaldið án þess að hafa áhrif á ákvarðanir notenda þeirra. Mikilvægismörk hafa því veruleg áhrif á framkvæmd endurskoðunar hvað varðar val á aðgerðum og hversu ítarlegar prófanir þarf að framkvæma. Kostnaður við endurskoðun eykst almennt við lægri mikilvægismörk, þar sem umfang vinnunnar eykst.

Í tilviki eininga tengdra almannahagsmunum er almennt miðað við lægri mikilvægismörk en fyrir aðrar einingar. Byggir það á því að notendur reikningsskilanna og þeir sem taka ákvarðanir byggðar á þeim eru almennt fleiri s.s. um kaup og sölu verðbréfa. Í tilviki annarra eininga eru þeir sem taka ákvarðanir um fjárhagsleg málefni yfirleitt mun færri og byggja jafnvel ákvarðanatöku sína á betri gögnum en í tilviki eininga tengdum almannahagsmunum.

Nú þegar eru í gildi ákvæði í lögum um ársreikninga þar sem lagðar eru auknar skyldur til upplýsingagjafar á félög yfir ákveðinni stærð, sbr. 66. gr. og 66 gr. d. laga um ársreikninga nr. 3/2006.

Þar sem markmið frumvarpsins er að auka gagnsæi í reikningsskilum þá verður ekki séð að útvíkkun skilgreiningar á einingu tengdri almannahagsmunum í lögum um endurskoðendur skili því nema að takmörkuðu leyti.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.

Auður Þórisdóttir